




**Skýrsla sveitarstjóra, kynnt á
sveitastjórnarfundi nr. 236
dags: 17. ágúst 2023**

- Íbúafjöldi í Dalabyggð er nú 666 íbúar mv. 2. ágúst sl. og hefur fjölgað um 13 íbúa þar með frá því 1. janúar sl.
- Nú er allt að fara á fleygiferð í starfsemi skólans okkar, leikskólinn opnaði eftir sumarfrí þann 9. ágúst og grunnskólinn byrjar sína starfsemi innan skamms, kennarar og annað starfsfólk grunnskólans er mætt til starfa og undirbúningur í fullum gangi. 26 börn verða í leikskólanum okkar í vetur og grunnskólabörnin 77 þannig að það verða rúmlega 100 börn á þessum tveimur skólastigum hjá okkur. Töluverðar breytingar urðu á starfsmannahóp Auðarskóla og vil ég hér þakka þeim sem hverfa á braut fyrir sín störf og um leið bjóða nýja starfsmenn velkomna til starfa í þágu samfélagsins okkar í Dalabyggð.
- Samningur varðandi skólaþjónustu við Ásgarð var undirritaður í sumar og er samstarfið þegar hafið. Fulltrúi Ásgarðs kom og hitti starfsmenn grunnskólans núna í vikunni og verður þétt haldið á málum í þessu spennandi samstarfi á komandi vikum og mánuðum. Er ég sannfærður að þetta samkomulag við Ásgarð muni þetta enn frekar það góða starf sem unnið er í Auðarskóla.



- Verkefnastjóri fjölskyldumála var ráðinn til starfa fyrir stuttu og hóf Jóna Björg Guðmundsdóttir störf þann 14. ágúst sl. Hennar verkefni munu tengjast fræðslumálum og félagsmálum fyrst og fremst og bindum við miklar vonir við starfið og vil ég hér bjóða Jónu velkomna til starfa hjá okkur.
- Undirritaður ásamt verkefnastjóra fjölskyldumála sat tvo fundi fyrir skömmu sem haldnir voru að tilstuðlan SSV, Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi. Annar þeirra hafði að umfjöllunarefni verkefni tengt samþættingu á þjónustu við aldraða og hinn fundurinn fjallaði um farsæld barna og það flókna lagaumhverfi og starfsumgjörð sem er innan þess mikilvæga málaflokks. Fundirnir báðir voru góðir og gagnlegir og bind ég miklar vonir við að í báðum þessum málaflokkum snúi sveitarfélögin á Vesturlandi bökum saman og auki samstarf og samvinnu sín á milli þannig að sá mikli mannauður sem í viðkomandi málaflokkum starfa nái að blómstra í öllum skilningi og þjónustustigið í takt við það í landshlutanum.





- Undirritaður hefur verið samningur við Vínlandssetrið ehf. um rekstur skólamötuneytis Auðarskóla og er það gert í kjölfar útboðs sem fram fór í sumar. Vínlandssetrið ehf. mun taka við rekstri mötuneytisins þann 1. september n.k.
- Verðkönnun fór fram í sumar á þrifum í grunnskóladeild Auðarskóla, Dalabúð og Stjórnsýsluhús og var í framhaldinu undirritaður samningur við þau Nick og Jönu um þrif á fyrrgreindum stöðum.
- Ýmsar framkvæmdir voru í gangi í sumar og viðhaldi sinnt á ýmsum vígstöðum og enn er unnið á ákveðnum þáttum, farið var í lagfæringar við höfnina í Búðardal svo eitthvað sé nefnt og einnig var farið í niðurrif á útihúsum hér í jaðri Búðardals og var af því töluverð tiltekt. Einnig var gaman að fylgjast með framgöngu vinnuskólans okkar og vil ég þakka þeim sem þar komu að verki fyrir þeirra framlag.





- Ýmsir atburðir hafa sett svip sinn á mannlífið í Dalabyggð í sumar. Afar fjölmenn og vel heppnuð Sturluhátíð fór fram í júlí, Pósthlaupið í ágúst var mjög fjölmennt og afar vel heppnað, staðarhaldarar á Eiríksstöðum hafa staðið fyrir tveimur hátíðum í sumar og áfram mætti telja. Vil ég þakka öllum þeim sem staðið hafa að fyrrgreindum samkomum og/eða atburðum fyrir þá vinnu sem að baki svona atburðum eru og er ég örugglega í þessari upptalningu að gleyma einhverju eða einhverjum og bið ég þá viðkomandi hér með afsökunar á því. Dalirnir eru ríkir hvað varðar mannauð og kraft til að framkvæma og bera fyrrgreindir atburðir og hvernig til tókst með hvern og einn þess skýr merki.
- Aðalskipulag Dalabyggðar sem gildir til ársins 2034 var loks staðfest um miðjan júlí sl. Var það mjög ánægjulegur áfangi en nú þurfum við að horfa fram veginn. Tímabært er, líkt og umhverfis- og skipulagsnefnd Dalabyggðar samþykkti á fundi sínum í gær, að horfa til deiliskipulagsvinnu, hér í Búðardal sem og annarsstaðar því mikilvægt er að hafa lóðir tilbúnar og skipulag klárt eins og hægt er og að aðgengilegt sé á heimasíðu okkar það framboð lóða sem er í boði hverju sinni, hvort sem um er að ræða íbúðar- eða atvinnuhúsnæði.





- Á undanförunum vikum höfum við létt á eignasafni Dalabyggðar nokkuð, hér fyrr á fundinum staðfesti sveitarstjórn sölu á Sælingsdalstungu og íbúð að Sunnubraut 1 var seld í júlí og nýir eigendur fluttir inn. Við erum í viðræðum við Leigufélagið Bríet varðandi ákveðnar eignir sem nú eru í eigu Dalabyggðar, kemur það í ljós á næstu vikum hvort flötur skapist á því að Leigufélagið Bríet eignist þær eignir og taki þar með yfir umsýslu og viðhaldi þeirra eigna.
- Íbúðir að Bakkahvammi 15 voru tilbúnar fyrir nokkru og afhenti Dalasmíði Bakkahvammi hses. íbúðirnar frágengnar þann 17. júlí sl. Í kjölfarið var farið í að slétta lóð og þökuleggja. Eignarhald íbúðanna mun á næstu dögum færast yfir til Leigufélagsins Brákar hses. sem mun verða leigusali líkt og stefnt hefur verið að allt frá upphafi framkvæmdarinnar. Við höfum þrýst mjög á síðustu vikur að íbúðirnar verði auglýstar til leigu því nógur er markaðurinn og okkur vantar fleiri hendur í samfélagið og hillir nú undir að það gerist, jafnvel nú fyrir helgina, að íbúðirnar verði auglýstar til leigu.



- Undirbúningur fjallskila er í fullum gangi þessa dagana nú þegar haustið nálgast og hafa nokkrar fjallskilanefndir nú þegar skilað inn gögnum til Dalabyggðar. Mikilvægt er að allar nefndir standi skil á gögnum til sveitarfélagsins sem fyrst og í allra síðasta lagi tímanlega fyrir fund byggðarráðs sem haldinn verður þann 24. ágúst n.k. Er þeim fjallskilanefndum sem þegar hafa skilað inn gögnum þakkað hér með.
- Þau Hlédís Sveinsdóttir og Björn Bjarnason, sem unnu að gerð tillagna að baki fyrstu landbúnaðarstefnunni sem Alþingi samþykkti 1. júní 2023, voru fyrir skömmu ráðin til að vinna nú að tækifæragreiningu fyrir samstarfsverkefni SSV, SSVN og Vestfjarðastofu. Um er að ræða verkefni til að efla byggð á landsvæðum sem eiga mest undir sauðfjárrækt og er Dalabyggð eitt þeirra svæða sem um ræðir. Eitt meginmarkmið verkefnisins er að hvetja til nýsköpunar og verðmætasköpunar á þeim svæðum sem verkefnið nær til. Þau voru hér í Dölum í lok júní til skrafs og ráðagerða við heimafólk og verður spennandi að sjá hvaða afurð við mögulega fáum út úr þessu verkefni með þeim Hlédísi og Birni.



HLÉDÍS SVEINSDÓTTIR

BJÖRN BJARNASON

-VIÐVERA Í NÝSKÖPUNARSETRINU- TÆKIFÆRI TIL VERÐMÆTASKÖPUNAR Á SAUÐFJÁRRÆKTARSVÆÐUM

MIÐBRAUT 11
BÚÐARDAL

28
JÚNÍ

KLUKKAN
15:00 – 18.00

- Opnað hefur verið fyrir umsóknir í Uppbyggingarsjóð Vesturlands. Umsóknarfrestur er til og með 7. september 2023, úthlutun fer fram í september 2023. Tilgangur Uppbyggingarsjóðs er að styrkja annars vegar menningarverkefni og hins vegar atvinnu- og nýsköpunarverkefni á Vesturlandi. Sjóðurinn er samkeppnissjóður og eru umsóknir metnar út frá þeim markmiðum og áherslum sem koma fram í Sóknaráætlun Vesturlands. Í þessari úthlutun eru veittir styrkir til atvinnuþróunar og nýsköpunar. Allar frekari upplýsingar eru inn á heimasíðu SSV, www.ssv.is
- Í byrjun sumars kynnti SSV skýrslu sem unnin var og ber heitið „Ímyndarskýrsla Vesturlands 2023“. Er hún unnin af starfsmönnum rannsóknaseturs í byggða- og sveitarstjórnarmálum, þeim Bjarka Þór Grönfeldt og Vífli Karlssyni. Tildrög skýrslunnar eru þau að Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi fólu Háskólanum á Bifröst að framkvæma rannsókn sem hefði það að megin viðfangsefni að meta ímynd Vesturlands sem búsetuvalkosti og valkosti í ferðamennsku. Send var út spurningakönnun á netinu og hátt í 1300 þátttakendur tóku þátt, sem er býsna góð þátttaka. Í skýrslunni er unnið úr þeim gögnum og farið í saumana á því hver ímynd Vesturlands sé í augum annarra íbúa á landinu, gagnvart búsetu, ferðaþjónustu og samfélagi. Helstu niðurstöðurnar eru þær að ímynd Vesturlands sem áhugaverðs ferðamannastaðar og álitslegs búsetuvalkosti stendur sterkt, og farið er í saumana á því hvað einstök svæði innan landshlutans geta gert til að styrkja sína stöðu. Skýrslan er mjög áhugaverð á marga vegu og styður vel við þá nálgun sem við höfum í Dalabyggð höfum rætt um í tengslum við verkefni það sem við erum að fara af stað í í samstarfi við SSV og Háskólann á Bifröst, með stuðningi Byggðarstofnunar. Slóð á skýrsluna má nálgast á heimasíðu SSV, www.ssv.is



- Undirritaður sendi í síðustu viku bréf til forstjóra Samkaupa varðandi stöðu dagvöruverslunar í Dalabyggð. Það sviður mjög að íbúar Dalabyggðar þurfa að sækja helstu nauðsynjavörur í dagvöru í önnur héruð sökum verðlags og vöruframboðs. Á engan hátt er við starfsfólk Samkaupa í Búðardal að sakast hvað þetta varðar. Vil ég hér skora á stjórn og stjórnendur Samkaupa í þeim efnum að horfa til þess að endurmetið verði án tafar bæði það verðlag og vöruframboð í sem versluninni hér er boðið upp á þannig að íbúar í Dalabyggð geti verslað nauðsynjavörur í heimabyggð. Rétt er einnig að nefna að umferð um Dalina hefur stórauðist og er góð verslun og ásættanlegt vöruframboð og verðlag einn af hornsteinum þess að fólk stoppi og dvelji í sveitarfélaginu.
- Líkt og kynnt var í upphafi sumars þá fengum við stuðning frá Byggðarstofnun til þess að koma á fót akstri fyrir framhaldsskólanema á milli Búðardals og Borgarness. Ekki lá fyrir loka tala um mögulega þörf og/eða óskir um akstur fyrr en nú í kringum síðustu helgi og er nú unnið í kappi við tímann við að kanna hvort og á hvaða verði mögulegt sé að koma á akstri valda daga innan hveirrar viku fyrir sig. Vonandi verður hægt að kynna fyrirkomulag á mögulegum akstri þegar kemur inn í næstu viku.



- Dalabyggð sagði upp samningi á rekstri hjúkrunar- og dvalarrýma fyrr á árinu eins og kynnt hefur verið. Nú hefur heilbrigðisráðherra falið Heilbrigðisstofnun Vesturlands að taka við rekstrinum og eru viðræður hafnar um tímasetningu og fyrirkomulag á þeirri yfirfærslu sem verða þarf. Orðrétt segir í tilkynningu ráðherra eftirfarandi, „hefur heilbrigðisráðherra ákveðið að fela Heilbrigðisstofnun Vesturlands að taka við rekstri heimilisins. Jafnframt er lögð áhersla á að tryggja að við það ferli að ekki verði rof í þjónustu eða öryggi starfsmanna og íbúa raskað.“ Er þessi nálgun ráðherra fagnaðarefni og verða þessi orð höfð að leiðarljósi í allri nálgun okkar í Dalabyggð í samskiptum við HVE í tengslum við það ferli sem nú er hafið. Ekki liggur fyrir endanleg dagsetning á yfirfærslunni en það verður væntanlega í haust, í síðasta lagi um áramót.
- Ekkert hefur enn þokast hvað varðar málefni löggæslu í Dalabyggð og enn eru ekki föst stöðugildi staðsett hér í Búðardal. Er það ekki ásættanleg staða. Undirritaður átti fyrir stuttu samtal við nýjan dómsmálaráðherra vegna þessa og afhenti ráðherranum þau gögn sem áður höfðu verið kynnt forvera hennar í starfi. Vonandi fáum við viðbrögð og aðgerðir á næstunni í þá átt að föst viðvera löggæslu verði hér í Dalabyggð.



- Dalabyggð skilaði ítarlegri umsögn inn í Samráðsgátt stjórnvalda við Samgönguáætlun fyrir árin 2024 til 2038 og var umsögn okkar birt á heimasíðu Dalabyggðar og eins bókuðum við fyrr á fundinum um vegamál og komum þar inn á fyrrnefnda samgönguáætlun. Við umsögn okkar hengdum við aftan við þá góðu skýrslu sem unnin var varðandi forgangsröðun vegaf framkvæmda í Dalabyggð. Sú skýrsla hefur hvarvetna fengið góð og jákvæð viðbrögð og vonandi að þeir sem fjármögnun til vegaf framkvæmda stýra horfi til hennar og þeirra röksemda sem þar eru sett fram. Það er ánægjulegt að við í Dalabyggð eigum bandamenn víða að í áherslum okkar og umræðu um vegamál og ljóst að við getum í enn ríkara mæli litið á Vestfirðinga sem okkar banda menn líkt og t.a.m. umsögn þá sem forráðamenn nýsköpunarfyrirtækisins Kerecis á Ísafirði settu fram þar sem koma inn á veginn í gegnum Dali sem Vestfirðingar þurfa að aka t.a.m. varðandi áherslu um jarðgöng í gegnum Bröttubrekku og settu þar fram hugtakið „Vestfjarðarlína“ sem mótvægi í „Borgarlínu“ innan höfuðborgarsvæðisins - mjög áhugaverð og djörf nálgun sem við í Dalabyggð getum heilshugar tekið undir að mínu mati.
- Að síðustu varðandi vegamál og þær aðferðir sem bryddað hefur verið upp á hér í heimabyggð til að vekja athygli á bágborinni stöðu má ekki gleyma golfmóti sem haldið var á Skógarstrandarvegi í lok júní þar sem skapaðist góð og jákvæð stemning og vakti framtakið athygli á landsvísu. Vil ég þakka þeim sem héldu utan um alla framkvæmd og undirbúning, það er nefnilega hægt að ná athygli með jákvæðum og skemmtilegum aðgerðum sem þessari.



- Það eru margþætt viðfangsefni hjá okkur í Dalabyggð og er hér aðeins stiklað á stóru og alls ekki hægt að nefna allt sem inn á borð okkar starfsmanna Dalabyggðar kemur. Margt er háð trúnaði sem ber að virða.
- Við gerum okkar besta til að miðla fréttum af því sem er á döfinni hverju sinni og af nógu er að taka sem betur fer. Verkefni eru mörg og langflest skemmtileg þannig að við horfum björtum augum fram á veginn nú þegar sumarið er loksins komið til okkar.
- BBÞ - 17/08/2023

